

*bænda*  
FERÐIR

# VORDAGAR Í MADRÍD & VALENCIA



**4. – 12. apríl 2025**

**Fararstjórn: Kristín Jóhannsdóttir & Magnús R. Einarsson**

Vor 2  
Spánn

## Ferðalýsing

Í þessari fróðlegu og skemmtilegu ferð heimsækjum við glæsilegar og einstaklega áhugaverðar spænskar borgir, heimsborgina **Madrid** og hina undurfögru **Valencia**. Við förum einnig í skemmtilegar dagsferðir á áhugaverða staði í nágrenni Valencia. För okkar hefst í höfuðborginni Madrid sem tekur á móti okkur með sínum grænu görðum og margbreytilegri menningu. Hún er heimsborg en hefur samt skemmtilegan þorpssjarma með litlum snotrum kaffihúsum, menningarminjum og miðborgarkjarna. Við skoðum okkur um í borginni og lítum á helstu kennileiti. Á leið til Valencia verður komið við í fornu borginni **Toledo** en hún er á heimsminjaskrá UNESCO. Borgin Valencia er ein fegursta borg Spánar, borg þaellunnar, þekktasta rétts spænskrar matargerðar. Við förum í siglingu um náttúruþjóðgarðinn **Albufera** og skoðum bæinn **Sagunto** þar sem áhrifa gætir frá Íberíumönnum og Rómverjum. Við förum einnig í magnaða siglingu í **San Josep hellinum** þar sem við ferðumst eftir neðanjarðará og upplifum ævafornt hellamálverk í bland við dropasteina. Ekki má svo gleyma heimsókn í fjallaþorpið **Guadalest** sem stofnað var af Márum á 8. öld. Við stöldrum einnig við í einu af þekktustu vínhéruðum landsins þar sem við fræðumst um vínrækt og smökkum afurðirnar.

**9 dagar | 8 nætur**

3 nætur Madrid | 5 nætur Valencia



### 4. apríl | Flug til Madrid

Brottför frá Keflavík kl. 15:00. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Madrid kl. 21:25 að staðartíma. Gist verður í þrjár nætur á góðu 4\* hóteli í Madrid.

### 5. apríl | Heimsborgin Madrid

Í dag ætlum við að kynnst betur heimsborginni Madrid sem er þekkt fyrir sín fjölmörgu grænu svæði. Falleg breiðstræti þar sem gróðursæl tré skýla fyrir sólinni, snotur kaffihús og lítil smáhverfi innan stórborgarinnar minna frekar á þorpstemningu heldur en stórborg. Á leið okkar um eldri hluta borgarinnar verður m.a. á vegi okkar egypska musteríð Debad og Spænska torgið, eða Plaza España, þar sem finna má minnisvarða um rithöfundinn Miguel de Cervantes sem ritaði skáldsöguna frægu um Don Kíkóta. Við röltum einnig að hinni glæsilegu konungshöll borgarinnar, þeirri stærstu í Evrópu, sem hefur að geyma yfir 3000 herbergi og er nýtt af konungsfjöldunni fyrir opinbera viðburði. Fyrir marga listunnendur er Prado safnið eitt merkilegasta listagallerí í heimi enda hefur það að geyma mörg fræg listaverk spænsku meistaranna eins og Velázquez, Goya, Zurbarán, Ribera og Murillo. Fyrir þau sem vilja njóta borgarinnar á eigin vegum eftir gönguna er tilvalið að röлта um El Retiro garðinn og listunnendur ættu að kíkja á listaverkasafnið Thyssen-Bornemisza, sem er eitt verðmætasta einkasafn í heimi.



## 6. apríl | Frjáls dagur í Madrid

Í dag gefst hverjum og einum færi á að kanna Madrid upp á eigin spýtur. Upplagt er nýta tækifærið og skoða nánar eitthvað af því sem bar fyrir augu í skoðunarferð gærdagsins, njóta sín á grænum svæðum borgarinnar, fá sér platta af Tapas í La Latino eða Malasaña hverfunum, kíkja í verslanir og njóta líðandi stundar.



## 7. apríl | Toledo & Valencia



Eftir áhugaverða og skemmtilega daga í Madrid höldum við áleiðis til Valencia. Á leiðinni stoppum við í hinni fornu borg Toledo sem stendur við bakka Tagus árinna sem er sú lengsta á Íberíuskaganum. Borgin er í sjálfstjórnarhéraðinu Castilla-La Mancha en þetta landbúnaðarsvæði er fámennasta svæði Spánar með innan við tvær

milljónir íbúa. Hálandi þessa svæðis var einmitt sögusvið skáldsögunnar um riddaraævintýri Don Kíkóta frá La-Mancha. Borgin Toledo, sem er á heimsminjaskrá UNESCO, liggur í 450 metra hæð og er m.a. þekkt fyrir arabíska og kristna minnisvarða frá miðöldum. Útsýnið frá efsta hluta borgarinnar yfir hlykkjóttu Tagus ána er mikilfenglegt. Þetta svæði blómstraði á tímum Rómverja og á vegi okkar verður hin forna Alcántara brú en hún var byggð yfir Tagus ána á tímum Rómverja. Við komum til Valencia þar sem gist verður í fimm nætur. Kvöldverður á hóteli.

## 8. apríl | Skoðunarferð um Valencia

Dagurinn hefst á því að kynnst þessari yndislegu borg, Valencia, sem oft er kölluð borg paellunnar, en paella er einn af þekktustu réttum spænskrar matargerðar. Við byrjum á þægilegri rútufurð þar sem við fræðumst um sögu þessarar lista- og vísindaborgar. Hér sjáum við heillandi byggingar frá gotneska- og barrokk tímabilinu í bland við móðernískar. Við förum einnig í gönguferð um gamla bæinn þar sem við



skoðum meðal annars Dómkirkju hins heilaga kaleiks. Eftir það gefst frjálstími til að skoða sig betur um og þá er tilvalið að fara að gömlu silkikauphöllinni, La Lonja, sem er frá 15. öld og skráð á heimsminjaskrá UNESCO. Einnig er hægt að skoða enn betur fallega miðbæjarkjarnann sem á sér meira en 2000 ára sögu, áhugaverð söfnin eða útivistarsvæðið Ríó Turia með margverðlaunuðu sjávarlífssafninu. Fyrir áhugasama er upplagt að kanna úrval paellu á veitingastöðum borgarinnar. Kvöldverður á eigin vegum.

### 9. apríl | Albufera, bátsferð, vínsmökkun & tapas

Eftir góðan morgunverð höldum við í náttúruþjóðgarðinn Albufera, sem er um 2.800 hektara ferskvatnssvæði, það stærsta á Spáni. Hér eiga yfir 300 fuglategundir athvarf allt árið um kring og þá sérstaklega vatnafuglar, þeirra á meðal flamingó fuglinn. Til að upplifa þessa miklu vatnaperlu og komast örlítið nær fuglalífinu förum við í bátsferð og njótum ógleymanlegrar náttúrufegurðar. Eftir bátsferðina höldum við í heimsókn til eins af þekktustu vínsvæðum héraðsins þar sem við fræðumst um tegundir vínberjanna og sögu vínræktunarinnar. Hápunkturinn verður að sjálfsögðu smökkun á afurðunum ásamt dæmigerðum tapasréttum. Kvöldverður á hóteli.



### 10. apríl | Sagunto, San Josep hellirinn & þjóðgarðurinn Sierra Calderona



Í dag heimsækjum við Sagunto sveitarfélagið sem er staðsett norður af Valencia, nálægt Costa del Azahar við Miðjarðarhafið. Sagunto er m.a. þekkt fyrir rómverska leikhúsið frá 50 e. Kr. en gamli bærinn, með sínum litlu og þröngu hliðargötum, og gyðingahverfið, sem staðsett er í elsta hlutanum, eru einkar sjarmerandi. Hver gatan á fætur annarri er þrungin sögu. Hér hafa Íberíumenn og Rómverjar komið við og bærinn var á

landamærum kristinna manna og múslima á tímum miðalda. Kastalinn sem gnæfir yfir bænum er vitni um hernaðarlegt mikilvægi svæðisins og þaðan er gott útsýni yfir Miðjarðarhafið. Við höldum síðan áfram að hellinum Coves de Sant Josep og förum þar í siglingu á neðanjarðará þar sem við dáumst að tilkomumiklum hellamálverkum og dropasteinshellum. Á leiðinni til baka heimsækjum við hinn fallega náttúrugarð Sierra Calderona þar sem gefur að líta stórkostlegt landslag, hrjóstrug fjöll, djúpa dali, þetta skóga og fjölskrúðugt dýralíf. Kvöldverður á hóteli.

### 11. apríl | Guadalest

Fjallaborpið Guadalest er undurfagurt og stendur á fjalli með óborganlegu útsýni yfir fjöllin í kring, Guadalest dalinn fyrir neðan og fagurblátt uppistöðulónið sem þar stendur. Efst í þorpinu trónir kastali sem byggður var af Márum á 11. öld, en skipulag þorpsins er í dæmigerðum stíl Mára með sínum mjóu hlykkjóttu götum. Í gamla bænum eru göturnar steini lagðar, húsin kalkborin og lítil torg inn á milli. Í Guadalest eru lítil áhugaverð söfn og verslanir með handverki og matvöru. Hægt er að fara í stutta gönguferð í þjóðgarðinum eða einfaldlega njóta staðar og stundar í þessum fallega bæ. Kvöldverður á eigin vegum.



## 12. apríl | Heimferð

Nú er yndisleg ferð senn á enda. Við höldum til Alicante og fljúgum þaðan heim til Keflavíkur. Áætluð brottför frá Alicante er kl. 17:35 og áætluð landing í Keflavík er kl. 20:20 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



## Verð

**369.500 kr. á mann í tvíbýli** | 93.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.

## Innifalið

- ✓ Flug og flugvallarskattar með Play.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á hótelum.
- ✓ Sex kvöldverðir, þar af einn léttur/kaldur fyrsta kvöldið.
- ✓ Tapas réttir og vínsmökkun hjá vínbónda í Valencia.
- ✓ Albufere náttúruþjóðgarðurinn og bátsferð.
- ✓ Hellirinn Coves de Sant Josep og bátsferð.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

## Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Tveir kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.

## Frekari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.

